



# Sauðburður er víðast hvar hafinn

Þó að sumardagurinn fyrsti sé liðinn er vorið enn við lýði og sauðburður hafinn víðsvegar. Á mörgum bæjum eru fyrstu lömbin að líta dagsins ljós og spennan er áþreifanleg. Venjan er að sauðburður standi yfir frá lok apríl og fram í júní þó alltaf séu einhverjar undantekningar á. Yfir þetta tímabil standa heilu fjölskyldurnar vaktina bæði dag og nótt til að veita berandi kind-

um fæðingaraðstoð. Þrátt fyrir að vera mikill álagstími hjá sauðfjárbændum einkennist þessi tími líka af mikilli spennu og gleði og er hinn mesti vorboði.

Á myndinni hér til hliðar er Alexander, tveggja ára hnokki, með lamb í fanginu sem fæddist á Álftavatni í Staðarsveit fyrir skömmu.

SJ



Opnunarpartý fimmtudaginn 4. maí frá kl. 17 - 20

# Útgerðin

Útgerðin opnar á Hellissandi

Klettsbúð 7, Hellissandur

# Nýir eigendur Söluskála ÓK

Í síðasta tölublaði Jökuls var viðtal við þau Ólínu og Þórð en þau hafa rekið Söluskála ÓK í 27 ár. Sunnudaginn 30. apríl stóðu þau sína síðustu vakt á bak við afgreiðsluborðið. Þegar greinin var birt var ekki vitað hver framtíð Söluskálans yrði en nú hafa nýir eigendur tekið við keflinu. Þau Júniana Björg Óttarsdóttir og Jóhann Pétursson hafa fest kaup á rekstrinum. Söluskálinn mun opna aftur 4. maí klukkan 9:00 og verða engar breytingar á starfsemi til að byrja með enda óþarfi að breyta því sem vel hefur verið gert. Með tímanum vonast þau til að innleiða nýjungar og setja sitt mark á reksturinn. Samkvæmt Júnú og Jóa var ákvörðunin um að kaupa reksturinn óvænt og hafði stuttan aðdraganda. Júná rak verslunina Blómsturvellir með fjölskyldu sinni um árabíl við góðan orðstír og því greinilega ekki svo auðvelt að losna við verslunargenin. Segjast þau taka við góðu búi og að fyrri eigend-



ur hafi sinnt samfélaginu mjög vel undanfarin ár. Markmiðið er að viðhalda þeirri þjónustu eftir bestu getu. Vonast þau til að bæjarbúar taki vel í breytinguna og haldi tryggð við söluskálann enda byggist reksturinn aðallega á heimamönnum.

JJ



## Ragnar og Ásgeir fá rafmagnsvörubíl



Fyrstu rafmagnsvörubílnir eru komnir til Íslands og eru Ragnar og Ásgeir meðal þeirra fyrirtækja sem fengu slíkan bíl afhentan. Bílarnir voru til sýnis hjá Velti, atvinnustækjasviði Volvo hjá Brimborg laugardaginn 29. apríl. Bílarnir eru allir frá vörubílaframleiðandanum Volvo Trucks en 14 rafvörubílar komu til landsins, þeir verða svo afhentir til 9 stórra fyrirtækja á landinu, þar á meðal Ragnars og Ásgeirs.

Í tilkynningu frá Brimborg segir að rafmagnsvörubílnir marki tímamót í orkuskiptum sem ryðja braut fyrir sjálfbæra þungaflutninga á Íslandi með það að markmiði að allir þungaflutningar verði á íslensku rafmagni. Í rafofnum Orkustofnunar sem gefin var út í mánuðinum er gert ráð fyrir að öll nýskráð ökutæki, þar á meðal vörubílar og rútur, verði rafknúin fyrir árið 2040.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



# Útgerðin opnar í nýju húsnæði



Útgerðin opnaði í Pakkhúsinu í Ólafsvík árið 2019 og hafa Rut Ragnarsdóttir og Heimir Berg Vilhjálmsson rekið verslunina með góðum árangri síðustu fjögur árin. Nú eru komin kaflaskil í rekstri verslunarinnar og tóku þau Rut og Heimir ákvörðun um að endurnýja ekki leigusamning verslunarinnar við Pakkhúsið og loka Útgerðinni í þeirri mynd sem hún hefur verið. Á sama tíma og leigusamningurinn við núverandi húsnæði verslunarinnar var að renna út datt óvænt fjárfestingatækifæri í hendurnar á þeim. Tryggir viðskiptavinir þurfa því ekki að örvænta því Útgerðin mun opna í nýju húsnæði á Hellissandi fimmtudaginn 4. maí. Eru Rut og Heimir lukkuleg með þess ákvörðun en nýja húsnæðið býður upp á frekari möguleika til stækkunar sem þau eru þegar byrjuð að teikna upp og hlakka til að kynna til leiks. Mikil gróska í menningar- og ferðapjónustu á Hellissandi er um þessar mundir og segist Rut sannfærð um að Útgerðin vaxi og dafni á næstu árum í nýju húsnæði. Aðspurð segir Rut það ekki hafa verið á stefnuskrá Útgerðarinnar að flytja á Hellissand enda leið þeim vel í Pakkhúsinu en þegar tækifærið kom upp og þau fóru að meta stöðuna hentaði betur að reka verslunina á Hellissandi. Rut og Heimir

vinna bæði þar og eiga heimili þar, þannig verður einfaldara að halda utan um reksturinn samhliða fjölskyldulífinu og þetta verður meira þeirra allra. Undanfarnar vikur hafa þau staðið í framkvæmdum í gamla pósthúsinu á Hellissandi sem stendur við Klettsbúð 7 og undirbúið það fyrir opnun verslunar Útgerðarinnar. Þegar þau fengu húsnæðið afhent var þar hólfað skrifstofurými svo þau hafa eytt löngum dögum í að koma öllu til og enn á eftir að fínþússa ýmislegt eftir opnun. Þau hafa mikið unnið í húsnæðinu sjálf með dyggri aðstoð foreldra Rutar. Opnunartýti verður frá 17 til 20 fimmtudaginn 4. maí þar sem léttar veitingar verða í boði og viðskiptavinum gefst tækifæri til að skoða nýja verslun Útgerðarinnar. Rut segir áherslur verslunarinnar verða þær sömu, góð þjónusta og íslenskt hönnun í bland við aðrar sérvaldar vörur. Með sumrinu koma inn fjölmörg ný vörumerki en nýjasta viðbótin verður hins vegar lítil og krúttleg vinstofa. Vinstofan kallar að sjálfsögðu á einhverjar breytingar á opnunartíma og annað en það verður nánast auglýst síðar. Spennandi tímar eru framundan í Útgerðinni og hlakka þau til að sjá sem flesta við opnun Útgerðarinnar í nýju húsnæði 4. maí.

SJ

## Munið getraunastarfið í Áttthagastofunni á laugardögum

# SJOPPAN

ÓLAFSVÍK

Opnar fimmtudaginn 4. maí kl 09:00

Ís í boði og heitt á könnunni á milli kl. 16:00 og 18:00

Hlökkum til að taka á móti ykkur

Kær kveðja  
Júna og Jói

SJOPPAN  
Ólafstraub 27

## Bingó á Jaðri



Á sumardaginn fyrsta héldu konur úr Lionsklúbnum Rán sitt árlega bingó á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri. Mættu Lionskonur með fangið fullt af glæsilegum vinningum líkt og venja er fyrir. Mikil stemming var í bingóinu og létu þátttakendur ekki keppnisskapið vanta. Þegar

allar raðir höfðu verið spilaðar buðu þær upp á gómsætar kaffiveitingar. Beðið er eftir bingóinu með eftirvæntingu á hverju ári og höfðu allir gaman af. Þakka íbúar og starfsfólk á Jaðri fyrir ánægjulega og notalega stund.

JJ



# Skákveisla í Ólafsvík á laugardag!



Þann 6. maí n.k. mun Skákkfélag Snæfellsbæjar halda minningarmót um Ottó Árnason skákmann úr Ólafsvík, hann var mikill frumkvöðull í bænum, bæði í skák og ýmsum öðrum menningarmálum.

Þetta mót mun einnig verða til minningar um Hrafn Jökulsson sem var mikill skákstólpi á Íslandi og hann hjálpaði okkur í Skákkfélagi Ólafsvíkur (það félag er forveri núverandi félags), hér

áður fyrr, þegar við höldum mót, blessuð sé minning hans.

Þetta er í 6. sinn sem við höldum minningarmót um Ottó Árnason. Á mótin okkar hafa margir stórmeistarar komið og heiðrað okkur, með nærveru sinni ásamt mörgum fleiri góðum skákmönnum.

Mótið núna er opið mót, tefldar verða 8 umferðir, fjórar 7 mínútna skákir og fjórar 15 mínútna skákir. Gaman er að segja frá því, að nú þegar eru 10 stórmeistarar búnir að skrá sig á mótið, þar á meðal Friðrik Ólafsson.

Boðið er upp á fríar rútuferðir frá Reykjavík, kaffiveitingar fyrir alla á meðan á mótinu stendur og veislukvöldverður verður fyrir þátttakendur og aðstandendur mótsins ásamt skemmtiatriði.

Skáklífið hjá okkur hefur verið með öflugra móti í vetur. Teflt hefur verið á hverju sunnudagskvöldi og svo hefur einn af stjórnarmönnum félags-

ins Sigurður Scheving staðið fyrir taflkennslu fyrir unglinga, sem hafa verið vel sótt.

Ég undirritaður hvet alla foreldra til þess að kenna börnum sínum að tefla, vegna þess að skák er mjög góð hugaríþrótt ef ekki sú allra besta og er líka að sama

skapi, mjög þroskandi.

Að lokum sendum við stjórnendur Skákkfélags Snæfellsbæjar innilegar þakkar til allra stuðningsaðila fyrir þetta mót og hvetjum fólk til þess að mæta.

Allir velkomnir.

*Gunnar Gunnarsson, gjaldkeri.*



## Stóri plokkgaturinn 2023

Stóri plokkgaturinn var haldinn sunnudaginn 30. apríl síðastliðinn. Þetta er í sjötta sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur og einstaklingar hvattir til þess að drífa sig út að plokka rusl. Að plokka rusl getur verið góð útivera og samvera auk þess að allir geta tekið þátt. Í leiðinni er virðing sýnd fyrir umhverfinu og náttúrunni. Í tilefni dagsins tóku einstaklingar og hópar þátt í plokkinu í Snæfellsbæ á liðinni viku. Nemendur leikskóla Snæfellsbæjar fóru í síðustu viku og tíndu rusl í nærumbhverfi leikskólanna. Mikil fræðsla fylgir því að týna rusl og um leið verða börnin meðvitund um að henda rusli á þar til gerða staði. Árgangar í Grunnskóla Snæfellsbæjar fengu óhefðbundna heimavinnu yfir helgina en hún var að taka þátt í stóra plokkgadini. Sinntu nemendur heimavinnunni samviskusamlega og tókst vel til.

Snæfellsjökulspjóðgarður auglýsti og hvatti fólk til þess að mæta í Hellnafjöru á sunnudaginn til þess að plokka með landvörðum þjóðgarðsins. Landverðirnir plokka alla daga en þennan dag buðu þeir fólki að slást í för með sér og hreinsa til í friðlandinu.

Landverðir grilluðu pulsir fyrir plokpara í lok dags enda allir svangir eftir erfiðni.

*JJ*





## Forstöðumaður Ásbyrgis í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Félags- og skólajónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns í „Ásbyrgi“, vinnu- og hæfingarstöð fólks með skerta starfsgetu

- Háskólanám, þroskajálfa-, iðjubjálfanám og eða annað sambærilegt nám og reynsla er nýtist í starfi
- Umsækjandi búi að skapandi og frjórri hugsun; kostur ef viðkomandi kann að þrjóna og sauma
- Ásbyrgi er reyklus vinnustaður.
- Laun skv. kjarasamningi sveitarfélaganna og viðkomandi stéttarfélags.
- Stundvísi auk samvinnu-, samskipta- og forystuhæfni eru meðal mikilvægra viðmiða starfa í Ásbyrgi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sólrún Ösp Jóhannsdóttir, forstöðumaður Ásbyrgis í síma 430 7810 og 787 9195; netfangið [solrun@fssf.is](mailto:solrun@fssf.is)

*Skriflegar umsóknir er tilgreini menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði og nöfnum 2ja umsagnaraðila berist Sveini Þór Elinbergssyni forstöðumanni Félags- og skólajónustu Snæfellinga er veitir frekari upplýsingar í síma 430 7800; [sveinn@fssf.is](mailto:sveinn@fssf.is)*

*Umsóknarevðublöð eru á heimasíðunni [www.fssf.is](http://www.fssf.is)*

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2023**

## Aflafréttir

Dagana 24. til 30. apríl var landað í höfnum Snæfellsbæjar alls 1152 tonnnum í 104 löndunum. Þar af var landað í Rífshöfn alls 530 tonnnum í 28 löndunum í Ólafsvíkurböfn 477 tonnnum í 42 löndunum og á Arnarstapa 145 tonnnum í 34 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Egill SH 81 tonni í 3, Ólafur Bjarnason SH 50 tonnnum í 3, Saxhamar SH 49 tonnnum í 1, Esjar SH 41 tonni í 3, Gunnar Bjarnason SH 39 tonnnum í 2, Sveinbjörn Jakobs-son SH 37 tonnnum í 1, Patrekur BA

29 tonnnum í 2, Guðmundur Jensen SH 25 tonnnum í 2 og Matthías SH 20 tonnnum í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Tryggvi Eðvarðs SH 89 tonnnum í 5, Kristinn HU 74 tonnnum í 4, Bildsey SH 51 tonni í 1, Lilja SH 43 tonnnum í 4, Gullhólmi SH 35 tonnnum í 3, Stakkhamar SH 28 tonnnum í 3, Brynja SH 22 tonnnum í 4 og Sverrir SH 10 tonnnum í 2 löndunum. Hjá stóru línu bátunum landaði Tjaldur SH 117 tonnnum í 2, Örvar SH 76 tonnnum í 1 og Rífsnes

SH 46 tonnnum í 1 löndun. Bárður SH er á netaveiðum og landaði hann 108 tonnnum í 7 löndunum. Smábátarnir eru einn af vorboðunum og hefur löndunum hjá þeim fjölgað undanfarið. Tveir grásleppu bátar lönduðu þessa daga Rán SH landaði 6 tonnnum í 5 löndunum og Hjördís SH landaði 4 tonnnum í 2 löndunum. Þegar þetta er skrifað er 1. dagur strandveiða þetta árið og hafa þær vonandi farið vel af stað. Hjá handfæra bátunum á Arnarstapa landaði Gestur SH 10 tonnnum í 4, Lea RE 9 tonnnum í 3, Stormur SH 8 tonnnum í 4, Þytur MB 5 tonnnum í 3, Hringur ÍS 4 tonnnum í 2, Valdís ÍS 4 tonnnum í 3 löndunum. Í Ólafsvíkurböfn landaði Sigi á Bakka SH 7 tonnnum í 3 og Naustavík, Katrín II og Herdís lönduðu allir 2 tonnnum í 1 löndun. Í Rífshöfn landaði Kári III 9 tonnnum í 3, Svampur KÓ 2 tonnnum í 1 og Króni SH 2 tonnnum í 1 löndun. Aðrir handfæra bátar lönduðu minna.

Alls komu á land í Grundarfirði þessa sömu daga 277 tonn í 10 löndunum. Hjá handfæra bátunum landaði Vinur 9 tonnnum í 4, og Birta SH og Birtir SH 1 tonni í 1 löndun hvor bátur. Hjá botnvörpúbátunum landaði Hringur SH 100 tonnnum í 2, Sigurborg SH 85 tonnnum í 1 og Farsæll SH 82 tonnnum í 1 löndun.

ÞA



Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)





# Nýr Sómi 870 til Ólafsvíkur

Nýr bátur kom til Ólafsvíkur á síðasta sunnudag, báturinn er af gerðinni Sómi 870 og er það úrgerðarfélagið Haukur sem á bátinn og eru það bræðurnir Hilmarr, Þorsteinn og Smári Hauksynir sem standa að félaginu. Báturinn er búinn Volvo D6 340 hestafla vél og tekur hann 3 kör í lest, þess má geta að hann er byrjaður á strandveidum.

Báturinn er vel búinn tækjum frá Sónar sem Vestan í Grundarfirði sá um að koma fyrir í bátinum. Báturinn fékk nafnið Steina Þorsteins og er það í höfuðið á móður þeirra bræðra, það verður Þorsteinn sem mun róa bátinum ásamt Hauki syni sínum og bræðrunum Jóni Hauki og Fannari Hilmarsunum til skiptis. Þegar fréttaritari spurði Þorstein hvernig báturinn hefði reynst í heimsiglingunni



kvaðst hann mjög ánægður með hann og hlakkaði til þegar næsti bátur kæmi með haustinu sem verður líka Sómi 870 og eins útbúinn.

ÞA

## Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar



Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar á Snæfellsnesi fór fram fimmtudaginn 27. apríl í Ólafsvíkurkirkju. Keppnin er árleg farandkeppni sem að þessu sinni var haldin í Snæfellsbæ en Stykkishólmur og Grundarfjörður koma einnig að henni. Þrjú keppendur frá hverjum skóla etja kappi í upplestri á samfelldri sögu sem að þessu sinni var úr Viti í Vestmannaeyjum eftir Gunnar Helgason, ljóði eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson og ljóði að eigin vali. Þaulæfðir keppendurnir gáfu ekkert eftir og átti dómnefndin erfitt val fyrir höndum. Hana skipuðu þau Elva Ösp Magnúsdóttir frá Snæfellsbæ, József Ólafur Kjartansson frá Grundarfirði og Ragnar Már Ragnarsson frá

Stykkishólmi. Það var að lokum Diljá Fannberg Þórsdóttir frá Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar sem hreppti 1. sætið, Hugrún María Hólmgeirsdóttir frá Grunnskólanum í Stykkishólmi sem lenti í 2. sæti og í 3. sæti var Fanney Lilja Sveinsdóttir frá Grunnskólanum í Grundarfirði. Sigurvegararnir fengu peningaverðlaun frá Landsbankanum og viðurkenningarskjal Stóru upplestrarkeppninnar. Amaliya Makeeva frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar flutti tónlistaratriði fyrir gesti og á meðan dómarnir réðu ráðum sínum var boðið til veitinga í safnaðarheimili kirkjunnar frá Versluninni Kassanum og Mjólkursamsöslunni.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Leiklist á Leikskólum Snæfellsbæjar



Í apríl hefur Kári Viðarsson komið inn á Leikskóla Snæfellsbæjar með leiklist fyrir árgang 2017 á Krílakoti og árganga 2018 og 2019 á Kriubóli. Með Kára hefur kennt börnunum nýja og skemmtilega leiki sem skapa aðstæður til tjáningar og sköp-

unar í leik, máli, hreyfingu og dansi. Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér og eru börnin á Krílakoti og Kriubóli alltaf jafn spennt að hitta Kára þegar kemur að leiklistar heimsóknunum.

SJ

# Verkalýðsdagurinn haldinn hátíðlegur



Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins var að venju haldinn hátíðlegur mánudaginn 1. maí. Verkalýðsfélögin Sameyki, Verkalýðsfélag Snæfellinga og Kjölur buðu félagsmönnum og öðrum íbúum á Snæfellsnesi til samkomu á Hótel Stykkishólmi, samkomuhúsinu í Grundarfirði og félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Vel var sótt á viðburðina og hélt verkalýðsfólk daginn hátíðlegan saman. Björg Bjarnadóttir, fram-

kvæmdastjóri SGS, sá um ræðuhöld á öllum þremur stöðunum og Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson fluttu tónlistaratriði. Þar að auki fluttu nemendur úr tónlistarskólunum á hverju svæði fyrir sig tónlistaratriði. Að venju voru kaffiveitingar í boði en kvenfélagið Gley-mér-ei sá um veitingarnar í Grundarfirði og í Snæfellsbæ voru þær í höndum Félags eldri borgara í Snæfellsbæ. SJ



**Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



TÓNLISTARSKÓLI  
SNÆFELLSBÆJAR

## VORTÓNLEIKAR Tónlistarskóla Snæfellsbæjar 2023

verða haldnir sem hér segir:

**Mánudaginn 15. maí í Klifi kl.17:00**

**Þriðjudaginn 16. maí í Klifi kl.17:00**

**Miðvikudaginn 24. maí á Lýsuhóli kl.13.00**

Vortónleikar fullorðinna nemenda Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða **sunnudaginn 10. maí kl. 20:00 í Frystiklefanum í Rifi**

Allir velkomnir - Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.

Foreldra- og styrktafélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar sér um sölu á kaffiveitingum eftir tónleikana 15. og 16. maí. Miði kostar 700 kr. fyrir 12 ára og eldri.

*Tónlistarskólakennarar og skólustjóri þakka samstarfið í vetur og óska íbúum gleðilegs sumars.*

## Annar flokkur kvenna tekinn upp að nýju



Þriðjudaginn 25. apríl var fyrsta æfingin hjá nýstofnuðum 2. flokki kvenna hjá Víkingi. Ekki hefur verið í boði að æfa né spila í 2. flokki eða meistaraflokki kvenna hjá Víking síðan 2017 en nú er verið að taka upp 2. flokkinn aftur í tilraunastarfsemi til að halda stelpum sem ganga upp úr 3. flokki lengur á svæðinu en síðustu ár hafa þær frekar kosið að flytja burt til halda áfram í fót-boltanum. Með þessari viðbót fá stelpur tækifæri til að vera hér

heima og spila sína íþrótt auk þess sem eldri leikmönnum gefst tækifæri til að dusta rykið af takka-skónum og fara aftur í boltann. 3. flokkur kvenna hjá Víking er öflugur sem gefur góða forspá fyrir komandi starf hjá 2. flokki, til að mynda voru þær í 3. flokki að klára Faxaflóaamótið og enduðu þar í efsta sæti í sínum riðli. Næst á dagskrá hjá þeim er bikarkeppnin og munu þær mæta Val/KH á Ólafsvíkuvelli sunnudaginn 7. maí kl 14.00.



# GRUNDARFJÖRÐUR SJÓN ER AÐ KOMA



VIÐ VERÐUM Í  
SAMKOMUHÚSINU  
SÓLVÖLLUM 3  
MÁNUDAGINN  
15. MAÍ  
FRÁ 10:00-18:00

**SJÓN**  
gleraugnaverslun - Glæsibæ

**ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ PANTA  
TÍMA STRAX Í SJÓN MÆLINGU  
Í SÍMA 511-6699 EÐA 869-9601**

**35% AFSLÁTTUR FYRIR ALDRAÐA OG ÖRYRKJA  
2 FYRIR 1 AF GLERAUGUM  
ALLT NÁMSFÓLK FÆR 30% AFSLÁTT**